

Sjálfsáнар plöntur

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Auðvelda nemendum að skilja hvernig endurnýjun lífvera á sér stað í náttúrunni og kortleggja hvaða skilyrði það eru helst sem auðvelda fræjum að spíra og verða að vöxtulegum plöntum. Eykur þekkingu á umhverfinu og eflir hæfni í greiningu á aðstæðum.

Námsgreinar: Samþætting, náttúrufræði og lífsleikni.

Aldur: Öll aldurstig.



VERKLÝSING

Verkefnið gerir ráð fyrir því að nemendur leiti að sjálfsánum trjáplöntum í nágrenni skólans eða í grenndarskógi og velti fyrir sér hvaðan fræið hafi komið og hvers vegna fræið spírar þarna. Spyrja má nemendur að því hvort þeir hafi séð sjálfsáнар trjáplöntur, hvar, hvaða og hvenær og hvar sé helst að leita í nágrenni skólans.

Skoða myndir af trjáplöntum sem hugsanlega kynnu að finnast á svæðinu.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Ferðin er undirbúin snemma að hausti eða að vori, helst áður en gras lifnar en trjáplönturnar sjást þá vel í hvítu sinunni. Hægt er að tvinna saman fræðslu um frjóvgun, fræproska, dreifingu fræs og skilyrði til spírunar.

Skriffæri og blað til að skrá niður plöntur sem finnast, myndavél ef vinna á fleira út frá verkefninu.